

■ Verk eftir Gunnar Karlsson.

## Athyglisverð sýning 5. - 21. febrúar: Ungir mynd- listarmenn á Kjarvalsstöðum

■ Í dag verður opnuð á Kjarvalsstöðum mjög skemmtileg sýning á verkum ungra myndlistarmanna. Undirbúningur þessarar sýningar hófst í fyrrahaust með því að stjórn Kjarvalsstaða, sem stendur fyrir sýningunni, bauð myndlistarmönnum 30 ára og yngri þátttöku og auglýsti eftir verkum. Hátt á fimmta hundrad verk bárust eftir 80 listamenn. Sýningarsalir Kjarvalsstaða rúma ekki nema hluta þessara verka og voru valin 171 verk eftir 58 listamenn.


Þetta mun vera í fyrsta sinn sem opinber menningarstofnun hér á landi stendur að slíkrí sýningu, en Félag íslenskra myndlistarmanna stóð fyrir sambærilegri sýningu, á verkum yngstu kynslóðarinnar, í Laugardalshöllinni árið 1967.

Sú nýjung verður höfð á þessari


sýningu að þeir listamenn sem verk eiga á sýningunni munu fá greidd daglegu-gjöld, en það er í fyrsta sinn sem Kjarvalsstaðir koma þannig til móts við kröfur myndlistarmanna í þeim efnum.

Sem fyrr segir er þetta mjög skemmtileg sýning og yfirgripsmikil, gefur þar að líta verk listamanna sem enn eru í skóla, hafa nýverið lokið námi eða eru þegar orðnir mótaðir listamenn. Mörg forvitnileg verk eru á sýningunni bæði eftir listamenn sem starfa hér heima og eins eftir þá sem eru í skólum eða starfa erlendis og við höfum því ekki fengið tækifæri til að kynna þingad til.

Í tengslum við sýningu ungra myndlistarmanna á Kjarvalsstöðum verða haldnir tónleikar vikuna 14.-21. febrúar í samvinnu við Tónlistarskólann og Tónskóla Sigursveins, en sýningunni lýkur 21. febrúar.




■ „Ó, þessi rigning“ eftir Guðmund Thoroddsen



■ Úr myndröðinni „Menúett fyrir króka og krana“ eftir Elínu Eddu Árnadóttur



■ Erla Þórarinsdóttir kallar þetta verk „Úr mytologiu-seríu“



■ Guðjón Ingi Hauksson kallar þetta verk sitt „Ferguson '50“



■ „Pastorale“ eftir Kolbrúnu Björgúlfadóttur

## „Gaman að það skuli vera svona mikið að gerast í myndlistinni“

— segir Guðrún Erla Geirsdóttir myndlistarmaður

■ „Mér finnst afskaplega gaman að það skuli vera svona mikið að gerast í myndlistinni, þessa dagana,“ segir Guðrún Erla Geirsdóttir myndlistarkona og fulltrúi kvennaframbóðsins í stjórn Kjarvalsstaða. „Það eru nú liðin sextán ár frá því að FIM hélt sambærilega sýningu á verkum ungra listamanna. Það er mjög mikilvægt fyrir unga myndlistarmenn að svona sýningar séu haldnar svo þeir fái tækifæri til að koma verkum sínum á framfæri. Maður leigir ekki auðveldlega svona sal fyrir fyrstu sýninguna sína, bæði vegna þess að það þarf nokkuð mörg verk til þess að fylla hann og auk þess fylgir því feikilegur kostnaður við innrömmun og annað.

Auk þessarar sýningar er önnur sýning á verkum ungra listamanna í gangi í JL-húsinu, þar sem yfir tuttugu listamenn hafa nú komið sér upp vinnuástöðu og sýningarsal. Sýningar ungra listamanna hafa sem sagt ídulega strandað á húsnæðisleysinu, en til marks um það má nefna að það eru

marginir sem eiga verk á báðum sýningunum. Að vísu er nýlistasafnið opið ungu listafólki en það eru bara ekki svo margir sem koma þangað, ég held að fólk haldi jafnvel að nýlistasafnið sé bara fyrir einhverja klíku en svo er auðvitað ekki. En það er alla vega ljóst að þessi sýning hér á Kjarvalsstöðum nær til miklu breiðari hóps og á listahátíðinni vestur í JL-húsi náum við líka til miklu fleira fólks.

Á þessum tveimur sýningum getur fólk séð hvað ungt listafólk er að gera, en þær eru þó nokkuð ólíkar. Verkin á sýningunni í JL-húsinu voru ekki valin sérstaklega, heldur gát hver sem er komið með sín verk, fólk skrifaði sig bara niður. Þar er því allt miklu hrárra enda ber engin ábyrgð á sýningunni, heldur stendur hver og einn með sínum verkum. Hér er það hins vegar stofnunin sem ber ábyrgð á sýningunni.

— Hvernig var valið inn á sýninguna hér á Kjarvalsstöðum?

„Það var skipuð sérstök dómnefnd sem valdi úr á mjög breiðum grund-

velli, þó var þeim sem sendu bara eina smámynd sleppt á þeirri forsendu að það segði of lítið um listamanninn. Hér er reynt að bregða upp mynd af hverjum listamanni fyrir sig.

Það er hins vegar mjög áberandi hvað kynjahlutfallið er óhagstætt á þessari sýningu, einungis 13 eða 14 konur af 58 manna hópi. Málverk eru mjög yfirgnæfandi en það er grein sem mjög fáar konur vinna í. Ég er mjög hissa á því að það skuli engin þeirra kvenna sem vinna í textíl hafa sent inn verk, en það er kannski svo rótgróinn hugsunarháttur að vefnaður og keramik sé listið að þær hafi álitnið tilgangslaut að senda verk á sýninguna. Dómnefndin var þó ekki haldin slíkum fordómum og áttu því allar greinar myndlistar jafnan aðgang að sýningunni. En ég sakna einnig annarrar greinar myndlistar hér á Kjarvalsstöðum, gjörninga (performance) en þá má sjá á sýningunni í JL-húsinu.

Ég vil geta þess að mér finnst verk þeirra kvenna sem hér sýna öll mjög góð. Hér gefst t.d. tækifæri til að sjá verk eftir Erlu Þórarinsdóttur sem býr

í Svíþjóð og hefur ekki sýnt hér á landi áður, en reyndar stendur til að hún verði með sýningu í Nýlistasafninu í sumar eða haust.

Kvennaframbóðið hefur lagt fram tillögur um það í stjórn Kjarvalsstaða að gert verði úrtak á því hversu margar konur hafi sýnt hér á Kjarvalsstöðum og hversu margar konur séu í myndlistaskólunum og listamannafélagunum hér á landi og að kannað verði hvað hægt sé að gera til úrbóta ef í ljós kemur hrópandi misræmi. Við höfum mikinn áhuga á því að halda listahátíð kvenna, það er eins og það þurfi að yta á konur til að fá þær til að stíga fram. En það er ljóst að það er miklu erfiðara fyrir konur að stunda listina en karlmenn, bæði vegna þess að þær eru yfirleitt í miklu verr launaðri vinnu en þeir, auk þess sem það er nú aldeilis ekki lítið á það sem sjálfsagðan hlut að kona sem á börn fari á vinnustofuna eftir vinnu annars staðar og sé þar framfærir kvöldi. Þetta virðast karlmenn hins vegar geta leyft sér án



■ Guðrún Erla Geirsdóttir

þess að nokkrum detti í hug að gera athugasemdir við það.“

—Sbj